

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um fjölda starfsmanna sem vinna við gerð lagafrumvarpa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir starfsmenn, skipt niður á störf lögfræðinga og annarra, vinna að undirbúningi, samningu, yfirlestri og frágangi lagafrumvarpa í ráðuneytinu? Þess er óskað að tilgreint verði starfshlutfall við verkefnið ef ekki er um fullt starf að ræða.*
2. *Í hversu miklum mæli byggist vinna við gerð lagafrumvarpa á vegum ráðuneytisins á aðkeyptri vinnu utanaðkomandi sérfræðinga?*
3. *Hversu mikið greiddi ráðuneytið árlega árin 2008–2017 fyrir vinnu utanaðkomandi sérfræðinga við gerð lagafrumvarpa?*

Hjá ráðuneytinu er gert ráð fyrir sjö stöðum lögfræðinga á þremur fagskrifstofum ráðuneytisins og er frumvarpgerð hluti af starfslýsingu þeirra. Aðrir sérfræðingar á fagskrifstofum ráðuneytisins auk skrifstofustjóra taka einnig þátt í eða koma með einhverjum hætti að vinnu við gerð lagafrumvarpa, t.d. yfirlestri, eftir því sem tilefni er til og miðað við þeirra sérfræðikunnáttu. Það sama á við um sérfræðinga á skrifstofu fjármála og rekstrar varðandi mat á fjárhagsáhrifum frumvarpa. Breytilegt er ár frá ári hversu stór hluti af störfum þessara sérfræðinga er vegna vinnu við gerð lagafrumvarpa og ekki er haldið sérstaklega utan um þann vinnuþátt í störfum þeirra.

Aðkeypt sérfræðivinna lögfræðinga við gerð lagafrumvarpa hefur verið óveruleg á tímabilinu 2008–2017. Heildarkostnaður á tímabilinu nam tæpum 3,2 millj. kr. án vsk. og sundurliðast þannig að á árinu 2009 nam kostnaðurinn 75.000 kr., árið 2011 1.000.000 kr., árið 2012 88.000 kr. og árið 2017 nam kostnaðurinn 1.999.000 kr.